

Almannavarnir Suðurnesja utan Grindavíkur

64. fundur

Árið 2022, er fundur haldinn í stjórn Almannavarna Suðurnesja utan Grindavíkur, föstudaginn 5. ágúst, kl. 10:30 í fundarsal Brunavarna Suðurnesja, Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Kjartan Már Kjartansson formaður, Úlfar Lúðvíksson, Gunnar Schram, Guðlaugur H. Sigurjónsson, Jón Guðlaugsson, Davíð Viðarson, Arnar Steinn Elísson, Fjölur Freyr Guðmundsson, Magnús Stefánsson, Birgir Örn Ólafsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður nefndarinnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:


1. Eldgos í Geldingadölum.

Almannavarnarnefnd Suðurnesja, utan Grindavíkur, kom saman til fundar til þess að fara yfir stöðuna og möguleg viðbrögð við eldgosi á Reykjanesi, sem hófst við Merardali í Fagradalsfjalli í fyrradag, þann 3. ágúst sl.

Fram kom í máli Lögreglustjóra að aðgerðarstjórn fundar daglega en í henni eiga sæti fulltrúar úr báðum almannavarnarnefndum á Suðurnesjum kl. 8:30.

Staðsetning gossins er norðar en fyrra gos og er gönguleiðin erfið yfirferðar. Gönguleiðin er rúmlega 6 km á lengd. Grindavíkurbær vinnur að gerð gönguleiðarkorts sem verður dreift meðal þeirra sem hyggjast ganga á gosstöðvar. Eins og staðan er núna er ekki taldar líkur á því að innviðir séu í hættu.

Fram kom í máli formanns að unnið er að setja upp og færa til loftgæðamæla í Reykjanesbæ. Nú þegar eru loftgæðamælar einnig staðsettir á Keflavíkurflugvelli, í Suðurnesjabæ og Sveitarfélaginu Vogum. Helsta hættan, eins og staðan er í dag, er vegna mögulegrar gasmengunar á svæðinu og í byggð eftir því hvernig vindar munu haga sér. Hægt er að fylgjast með mögulegri loftmengun á www.loftgaedi.is.



Almannavarnir Suðurnesja utan Grindavíkur

Fram kom í máli fulltrúa svæðisstjórnar björgunarsveitanna að þeirra aðaláhersla er að vera til staðar en allar björgunarsveitir á Suðurnesjum sinna gæslu á svæðinu. Björgunarsveitirnar fór í það að stika gönguleið í gær. Því miður eru eitthvað um að illa útbúið fólk sé á ferðinni. Búið er að setja „mjúka lokun“ við Djúpavatnsleið.

Nefndin ræddi rýmingaráætlanir fyrir sveitarfélögin og helstu stofnanir þeirra. Þær áætlanir voru unnar í fyrra en ábending hefur borist um að skoða þurfi betur áætlun er snýr að notkun hafna.

Þrátt fyrir að innviðir séu ekki í hættu enn sem komið er, má gera ráð fyrir því að slíkar aðstæður gætu skapast í framtíðinni. Það er því mikilvægt að setja af stað vinnu við það hvernig hægt væri að koma í veg fyrir tjón á innviðum t.d. með því að prófa vatnskælingu til viðbótar við aðrar prófanir og tilraunir.

2. Önnur mál.

Almannavarnarnefnd Ríkislögreglustjóra setti af stað vinnu við greiningu á áhættu- og áfallapoli sveitarfélaga á Íslandi í vor. Almannavarnarnefnd Suðurnesja utan Grindavíkur leggur til að gerð verði sameiginleg greining fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum.

Skoða þarf hvort sé þörf á að ráða starfsmann til að halda utan um gerð þessarar áætlunar. Formanni falið að boða til fundar með fulltrúum sveitarfélaganna, með það fyrir augum að setja þessa vinnu af stað.

Fundargerð verður send fundarmönnum til rafrænnar undirritunar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:10.